

**Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar**  
**8. fundur 2021 (108. fundur)**  
EBj/

Fundur haldinn í skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar 06.12.2021 kl. 10:00 í Flugstöð Leifs Eiríkssonar.

Viðstaddir:

Guðmundur Björnsson	formaður skipulagsnefndar
Einar Jón Pálsson	skipulagsnefnd
Steinþór Einarsson	"
Eiríkur Bjarnason	ritari skipulagsnefndar
Sveinn Valdimarsson	skipulagsfulltrúi

Guðlaugur H. Sigurjónsson og Kristinn Halldórsson boðuðu forföll.

**1. Fálkavöllur 7 og Fálkavöllur 13 – breyting á deiliskipulagi**

Vísað er til fundargerðar 107. fundar skipulagsnefndar Keflavíkurflugvallar þar sem fjallað er um mál þetta og samþykkt var að fresta afgreiðslu þess að beiðni Isavia. Þar sem fullt samkomulag hefur náðst um málið milli Isavia og lóðarhafa umræddra lóða og lóðarhafa nágrannalóða, sem hagsmuna hafa að gæta, samþykkir skipulagsnefndin breytingar þær á deiliskipulagi lóðanna sem hér um ræðir.

**2. Svæðisskipulag Suðurnesja**

Vísað er til erindis Stefáns Gunnars Thors í tölvupósti, dags. 28.09.2021, þar sem kynnt er verkefnislýsing vegna endurskoðunar svæðisskipulags Suðurnesja 2008 – 2024.

Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar hefur farið yfir fyrirbyggjandi gögn og bendir á eftirfarandi:

Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar minnir á skipulagsreglur Keflavíkurflugvallar sem settar eru af samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra og gilda á töluverðum hluta svæðisskipulagsins. Skipulagsreglur Keflavíkurflugvallar setja hæðartakmarkanir á mannvirki umhverfis Keflavíkurflugvöll og kunna þar með að setja ákveðnar skorður við nýtingu á vindorku á svæðinu.

Skipulagsnefndin samþykkti framangreinda bókun á rafrænan hátt milli funda vegna þess hve stuttur frestur var veittur til umsagnar. Sú ákvörðun var staðfest á fundinum. Bókunin var send svæðisskipulagsnefndinni með bréfi dags. 07.10.2021.

**3. Fundur Reykjanesbæjar með skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar og Isavia**

Með erindi dags. 20.10.2021 óskaði stýrihópur um endurskoðun aðalskipulags Reykjanesbæjar eftir fundi með skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar og fulltrúum Isavia. Eftirfarandi umræðuefni voru tilgreind:

- Umfang starfsemi flugvallarins, umfang flugumferðar, nýjar brautir og hávaði vegna flugumferðar og sérstaklega loftrýmisgæslu. Áhrif þess á nærliggjandi byggð og uppbyggingu íbúahverfis í Ásbrú.
- Mannaflaþörf á flugvallarsvæðinu og húsnæðismál því beintengdu.
- Hlutverk Reykjanesbrautar sem tengingar milli Reykjanesbæjar og atvinnusvæðis Keflavíkurflugvallar.

Formaður skipulagsnefndar Keflavíkurflugvallar greindi frá umræðum á fundinum en þar kom m.a. fram varðandi þróun flugvallarins að engin áform eru uppi um flutning flugvallarins. Engar áætlanir samgönguyfirvalda eru um að draga úr starfsemi vallarins. Varðandi hávaðamál þá kom fram að festir hafa verið niður flugferlar til að draga úr hávaðamengun frá flugumferð. Að öðru leyti er vísað til fundargerðar frá fundinum, dags. 03.11.2021.

Formanni skipulagsnefndarinnar var falið að efna til fundar á næstunni með Isavia um þróun flugvallarins.

#### **4. Næsti fundur**

Næsti fundur skipulagsnefndarinnar er fyrirhugaður 17. janúar 2022 kl. 08:15 í FLE.

Fleira ekki gert, fundi slitið.

Slóð á sharepoint síðu skipulagsnefndar:

[https://verk.isavia.is/skipulagsnefnd/\\_layouts/15/start.aspx#/SitePages/Home.aspx](https://verk.isavia.is/skipulagsnefnd/_layouts/15/start.aspx#/SitePages/Home.aspx)